

## REGLUGERÐ

um laun skipaskoðunarmanna ríkisins, sem ekki eru á föstum launum.

1. gr.

### Aðalskoðun.

Fyrir árlega aðalskoðun á búnaði, vél og bol skips greiði sýslumenn eða bæjarfógetar f. h. Ríkissjóðs, laun sem hér segir til skipaskoðunarmanna, gegn reikningi þeirra:

	kr.
Fyrir skip allt að 8 metrum mestu lengd . . . . .	600
Fyrir skip minni en 25 brl. og báta 8 metrar og lengri . . . . .	900
Fyrir skip 25 brl. til 100 brl. . . . .	1 600
Fyrir skip 101 brl. til 250 brl. . . . .	2 000
Fyrir skip 251 brl. til 500 brl. . . . .	2 400
Fyrir skip 501 brl. til 1 600 brl. . . . .	3 000
Fyrir skip 1 601 brl. og stærri . . . . .	3 600

Að auki greiðist skoðunarmönnum útlagður kostnaður, svo sem akstur og símakostnaður skv. reikningi.

Pegar skipta þarf launum, skal það gert þannig, að fyrir búnaðarskoðun greiðist  $\frac{1}{3}$  hluti og fyrir vélaskoðun greiðist  $\frac{1}{3}$  hluti og fyrir bolskoðun greiðist  $\frac{1}{3}$  hluti.

Hálf rúmlest eða meira telst heil, en minna broti skal sleppt.

2. gr.

### Aukaskoðun, eftirlit með nýsmíði o. fl.

Fyrir aukaskoðun, mælingu skipa, eftirlit með nýsmíði, viðgerðum og breytingum greiðist samkvæmt reikningi skoðunarmanna, sama gildir um ferðakostnað.

Skal greiðslan miðuð við tímakaup fastráðinna skoðunarmanna Siglingamálastofnunar fyrir dag- eða yfirvinnu, eftir því sem við á hverju sinni.

3. gr.

### Vottorð.

Skoðunarmönnum er heimilt að innheimta kr. 300,00 hjá þeim sem biður um vottorð vegna endurgreiðslu tolla og eyðingu skips.

4. gr.

### Reikningar.

Skipaskoðunarmenn skrifi reikninga fyrir störf sín í fjórriti í þar til gerðar bækur sem siglingamálastjóri lætur þeim í té.

Laun samkvæmt 1. gr. skulu sýslumenn eða bæjarfógetar greiða gegn frumriti og einu afriti, en siglingamálastjóra sent annað afrit ásamt skoðunarskýrslu.

Laun samkvæmt 2. og 3. gr. greiðir Siglingamálastofnun ríkisins gegn reikningi skoðunarmanns í tvíriti og skoðunarskýrslu.

5. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 6. gr. laga nr. 51 12. maí 1970, um Siglingamálastofnun ríkisins, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. maí 1985 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 269 5. júní 1984, um laun skipaskoðunarmanna ríkisins, sem ekki eru á föstum launum.

*Samgönguráðuneytið, 3. apríl 1985.*

**Matthías Bjarnason**

*Ragnhildur Hjaltadóttir*